

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 78/2001**

**frá 19. júní 2001**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2001 frá 30. mars 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 frá 28. desember 2000 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91, um samræmingu á tæknifröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála, að framförum á sviði vísinda og tækni<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32000 R 2871:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 frá 28. desember 2000 (Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 47).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 67.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 47.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.